

Alþingi  
Erindi nr. P 136/881  
komudagur 19.2.2009



Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.


Reykjavík, 18. febrúar 2009.

**Efni. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. 289. mál**

Samtökin lýsa yfir ánægju með nefnt frumvarp sem þau hafa fengið til umsagnar. Allar líkur eru á að það muni glæða áhuga húsbyggjenda og þeirra sem standa í viðhaldi og/eða endurbótum á íbúðarhúsnæði sínu til framkvæmda. Frumvarpið ef af lögum verður mun hafa jákvæð áhrif á mörgum sviðum. Fyrir það fyrsta ætti það að draga úr líkum á því að svokölluð svört atvinnustarfsemi verði viðhöfð. Þá mun lögfesting frumvarpsins leiða til þess að færri missi vinnu sína en ella, en sem kunnugt er hefur byggingariðnaðurinn orðið mjög illa úti í efnahagskreppunni. Þá mun þessi breyting einnig hafa þau jákvæðu áhrif að verslun með hvers konar byggingarvörur mun aukast.

Samtök verslunar og þjónustu eru hins vegar þeirrar skoðunar að með því að láta endurgreiðsluna einnig ná til vinnu við nýbyggingar og viðhald á sumarhúsum hefðu jákvæð áhrif hinna fyrirhuguðu breytinga orðið enn meiri en ella. Staðreyndin er sú að sumarhús eru fyrir mjög stóran hóp fólks annað heimili þess. Þess vegna leggja samtökin til þær breytingar á frumvarpinu að endurgreiðsla virðisaukaskattsins verði einnig látin ná til nýbygginga og endurbóta og viðhalds á sumarhúsum.

Virðingarfyllst,  
f.h SVP

  
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.